



Ársskýrsla Umf Þjótanda 2022



Keppnislíð Umf Þjótanda á Bikarglímu Íslands þar sem Þjótandi varð bikarmeistari félagslíða.

Skýrsla formanns

Árið 2022 var á margan hátt gott hjá Þjótanda. Covid faraldurinn fjaraði smám saman út á fyrstu mánuðum ársins og starf félagsins komst á góðan skrið í kjölfarið.

Aðalfundurinn var haldinn í Félagslundu 17. febrúar. Bryndís Eva Óskarsdóttir hætti sem formaður en tók við íþróttanefndinni í staðinn. Fanney Ólafsdóttir var kosin nýr formaður, Harpa Magnúsdóttir gjaldkeri og Magnús St. Magnússon ritari. Stjórnin fundaði 10 sinnum á árinu, oftast í fundarsalnum í Þingborg. Á fundina mættu allt að 9 manns og samstarfið innan stjórnar var mjög skemmtilegt og margar góðar hugmyndir komu upp sem náðu að verða að veruleika. Það gekk líka mjög vel að skipta með sér verkum, og var fjarri því að öll vinna væri á fárra herðum. Íþróttastarfsemi félagsins er viðamikil og verður henni gerð skil í skýrslu Bryndísar Evu íþróttanefndarformanns. Hallfríður og Oddný Ása tóku við ritnefndinni í febrúar og hafa skilað frábæru starfi á árinu sem þær segja frá í sinni skýrslu. Skemmtinefndarstjórnarnir Freyja Kristín og Guðmunda Bríet segja frá þeim viðburðum sem þær sáu um, og þá er ónefndur Örvar Rafn sem er í varastjórninni og er þjálfari, tengiliður við Flóaskóla og öflugur hugmynda-smiður sem kemur hlutunum í framkvæmd.

Hér verður stiklað á stóru yfir þá viðburði og verkefni sem félagið stóð fyrir á árinu en kemur ekki fram í öðrum skýrslum. Í Covid-samkomubanninu héldum við þrettándabingó á internetinu í fyrsta sinn. Hugmyndin kom frá Öldu í Syðri-Gróf, og endaði bingóið sem ágæt fjáröflun fyrir félagið með mörgum flottum vinningum. Í byrjun febrúar opnaði félagið gönguskíðasvæði sem varð mjög vinsælt. Notast var við heimatilbúinn sleða til að gera brautir á túni



við Hurðarbaksveg. Verkefnið vatt upp á sig og í lok árs fékk félagið styrk úr Verkefnasjóði HSK og keypti þá nýjan göngu-skíðaspora sem nú er kominn í notkun. Nýja sporann er auðvelt að færa milli staða og gera brautir á fleiri stöðum í sveitinni eftir því sem aðstæður leyfa.

Haldin var tveggja kvölda félagsvist í mars. Þátttaka var ágæt seinna kvöldið, en mikil covid veikindi í sveitinni á þessum tíma höfðu líklega áhrif á mætingu. Héraðsþing HSK var haldið í Þingborg 31. mars. Þingforsetar og þingritarar voru allir úr Þjótanda. Hanna Dóra Höskuldsdóttir flutti tónlistaratriðið í upphafi, og Aðalsteinn Sveinsson, Hallfríður Ósk Aðalsteinsdóttir og Fanney Ólafsdóttir voru heiðruð. Við seldum pylsur og kókómjólk á sveitaballi í Þingborg í byrjun apríl. Í vikunni fyrir páska buðum við upp á rútuferð í Bláfjöll sem fjölmargir mættu í og skíðuðu í fínu veðri allan daginn. Í vikunni áður höfðu unglingarnir í Flóaskóla farið í skíðaferð í Skagafjörð sem var styrkt af Þjótanda. Við tókum þátt í Fjöri í Flóa 14. maí. Við vorum með fjölmenna kökuskreytingakeppni fyrir krakka, pylsusölu, andlitsmálningu og spennandi áskorendakeppni milli framboðslistanna í sveitarstjórnarkosningunum.



Keppendur í kökuskreytingakeppninni

Það ríkti hátíðarstemmning í Flóahreppi 21. maí þegar Flóaskóli sigraði í Skólahreysti 2022. Þjótandi, ásamt kvenfélögum og

búnaðarfélagum í sveitinni, gaf skólanum peningaupphæð til áframhaldandi aðstöðuuppbyggingar fyrir æfingar. Styrkurinn var afhentur á 17. júní sem að þessu sinni var haldinn í Þjórsárveri vegna slæmrar veðurspár. Hátíðin var eins og venjulega skipulögð af kvenfélagunum og Þjótanda, og fulltrúar okkar í hátíðarnefndinni voru Harpa gjaldkeri og Guðmundur Bjarnason í Uppsölum.

Ungmennafélagsreiðtúrinn var farinn 19. júlí þar sem mættu yfir 30 manns og riðu upp með Hvítá í mikilli blíðu. Harpa gjaldkeri og Magnús ritari skipulögðu reiðtúrinn. Í júlí og ágúst var úti-vistarverkefnið „Sá ég spóa“ í gangi þar sem hægt var að ganga á 5 staði í hreppnum og skrifa nafn sitt í gestabækur. Í lokin var dregið um vinninga sem voru matur í miðbænum á Selfossi og veiðileyfi í Hvítá við Hallanda. Sigurvegarar í ár voru Steinunn Lilja Kristinsdóttir og Stefán Orri Guðjónsson.

Í október frumsýndum við nýjar glæsilegar húfur. Öllum krökkum á leik- og grunnskólaaldri bauðst að fá gefins húfu og urðu þær strax mjög vinsælar og hafa komið sér vel í kuldanum í vetur. Félagið stóð fyrir 5 kvöldu dansnámskeiði í haust í samvinnu við Heilsueflandi samfélag í Flóahreppi, og voru 15-20 pör sem tóku þátt. Kennarar voru Silja Þorsteinsdóttir og Anna Berglind Júlíadóttir. Nú er hafið framhaldsnámskeið sem er vel sótt.

Við tókum að okkur fjáröflunarverkefni fyrir Flóahrepp í nóvember. Keyrt var á alla bæi með nýjar ruslatunnur fyrir plastúrgang, og var ungmennum á framhaldsskólaaldri boðin vinna við það. Verkefnið gekk vel og varð úr því ágæt fjáröflun bæði fyrir félagið og þá krakka sem mættu til vinnu.

Meistaramót Þjótanda í skák fór fram 13. nóvember í fyrsta sinn. 10 keppendur tóku þátt í tveimur flokkum og voru sigurvegarar Hrafnkell Hilmar Sigmarsson í opnum flokki og Þórbergur Hrafn Ólafsson í meistaraflokki. Árni Geir Hilmarsson skákkennari í Flóaskóla var með okkur í að undirbúa mótið og verður það klárlega haldið aftur í ár.





Þátttakendur í Meistaramóti Umf Þjótanda í skák

Í desember var í bígerð að halda skautadag á Villingaholtsvatni þar sem Eydís og Ingvar á Tanga buðu okkur aðgang að vatninu. Því miður urðum við að fresta deginum vegna veðurs en hugmyndin lifir og verður vonandi framkvæmd einn daginn. Skötuveislan var haldin á Þorláksmessu eftir tveggja ára hlé. Fjölmenni mætti í Þingborg og gæddi sér á skötu og meðlæti. Margar hendur þarf til að halda slíkan viðburð, og var frábært að sjá alla krakkana og unglिंगana sem mættu í eldhúsið og hjálpuðu til í sjálfböðavinnu.

Félagið keypti á árinu annan stóran ferðahátala (soundboks) sem kemur að góðum notum þegar verið er utanhúss með stærri samkomur. Kaupin voru styrkt af Flóahreppi. Þá keypti félagið ný færanleg fótoltamörk sem nýtast bæði fyrir félagið og skólann. Við pöntuðum fleiri Þjótandapeysur og seldum á niðursettu verði. Peysurnar verða seldar áfram á þessu ári, en bolirnir eru því miður ekki fánlegir lengur hjá birgjum. Í lok ársins fengum við styrk úr Íþróttasjóði Rannís til kaupa á nýjum glímudýnum í Félagslund og koma þær vonandi í hús fyrir vorið.

Okkur í stjórn Þjótanda finnst vera meðbyr með félaginu og það hefur tekist vel að fá fleira fólk og félög/stofnanir með okkur í lið. Til dæmis má nefna góða samvinnu milli Þjótanda og Flóaskóla þar sem Þjótandaæfingar fyrir yngstu börnin eru innan skóla-tíma, og eldri krakkar eru keyrðir beint eftir skóla á Þjótandaæf-

ingu í Þingborg. Einnig fáum við að auglýsa marga viðburði gegnum Mentor, netfangalista skólans, og náum þannig auðveldlega að koma skilaboðum inn á heimili barna og unglinga. Dansnámskeiðið var haldið í samvinnu við Heilsueflandi samfélag í Flóahreppi og svona mætti hugsa sér að halda fleiri viðburði í samstarfi við önnur félög, því að við sem hér búum erum jú öll í sama liði og vinnum flest að svipuðum markmiðum. Þá er frábært þegar einstaklingar í samfélaginu hafa samband og eru með hugmyndir eða bjóða fram aðstoð við ákveðin verkefni, allt slíkt er mjög gleðilegt og hvetjandi.

Að lokum vil ég þakka öllum fyrir mjög gott samstarf á árinu.
Áfram Þjótandi!
Fanney Ólafsdóttir



Frá ungmennafélagsreiðtúr sumarsins á Hvítárbökkum.

Skýrsla ritnefndar

Ný ritstjórn Áveitunnar tók til starfa í mars 2022 og voru það Hallfríður Ósk Aðalsteinsdóttir og Oddný Ása Ingjaldsdóttir sem tóku við stjórn-
taumunum.

Ákveðið var að hætta að ljósrita blaðið og dreifa gjaldfrjálst á öll heimili í sveitarfélaginu. Var það gert með umhverfissjónarmið að leiðarljósi en einnig höfðu breytingar á pósthjónustu orðið til þess að blaðið var að berast seint til sveitunga.

Þess í stað er Áveitan nú gefin út á þrjá mismunandi vegu:

Hún er gefin út á stafrænu formi á heimasíðu Flóahrepps og Facebook síðu Umf Þjótanda.

Hægt er gerast rafrænn áskrifandi og fá Áveituna senda í tölvu-
pósti við hver mánaðarmót.

Einnig er hægt að gerast áskrifandi af ljósritaðri útgáfu blaðsins og fá sent í pósti um hver mánaðarmót. Áskriftargjald er 3500 kr, sem dekkar sendingarkostnað.

Þannig getur hver og einn valið þá leið sem hentar best. Hægt er að gerast áskrifandi með því að hafa samband á netföngin halla@floahreppur.is og odnyasa@floaskoli.is.

Árið 2022 voru gefin út 12 tölublöð af Áveitunni og birtist þar fjölbreytt efni. Til dæmis fréttir, auglýsingar og úrslit móta frá Umf Þjótanda, efni frá Flóahreppi og Flóaskóla, fréttir frá ýmsum félagasamtökum í sveitarfélaginu, þar eru auglýstir alls kyns viðburðir og fundir og margt fleira. Ritstjórn hvetur sveitunga til að nýta sér Áveituna, bæði til að auglýsa viðburði eða þjónustu en þar er einnig hægt að birta fróðleik og skemmtiefni.

Takk fyrir gott samstarf á liðnu ári.
Hallfríður Ósk Aðalsteinsdóttir og
Oddný Ása Ingjaldsdóttir

Skótuveisla Umf. Þjótanda

Á Drottakmessu mun Ungmennafélagið Þjótandi leggja sitt af mörkum við að dreifa skótuilimi um sveitarfélagið. Þá býður félagið til sinnar rómuðu skótuveislu, að þessu sinni í félagsheimilinu Þingborg.

Borðhald hefst kl. 12:00 og boðið verður uppá gæða skótu og saltísk ásamt tilheyrandi meðlæti. Kaffi og konekt imtilið í miðaverði að verju.

Verðskráin er þessi:

- Fullorðnir 3000 kr.
- Börn 6-12 ára 500kr.
- Yngri börn fá frítt.

Allir eru hjartanlega velkomnir á þessa góðu fjörlunarsæmkomu félagsins þar sem hægt er að fá smá tré frá plastressinu og snæða góðan mat með sveitungum og vinum.

Ungmennafélagið Þjótandi

HEILSUEFLANDI SAMFELAG
Flóahreppur
véláttan fyrir alla

1

Skýrsla íþróttanefndar

Iðkendur Þjótanda hafa staðið sig almennt mjög vel á síðasta ári. Íþróttæfingar í Þingborg hafa verið vel sóttar eins og áður. Voru þær í boði einu sinni í viku fyrir hvern aldur yfir veturinn. Skipt var í þrjá æfingahópa. Örvar Rafn Hlíðdal þjálfaði yngsta og elsta hópinn en Guðmunda Bríet Steindórsdóttir 5.-6.bekk. Yfir sumarið voru líka æfingakvöld. Eitt fyrir krakka yngri en 7. bekk, þjálfarar voru Guðmunda og Einar Skeggjason. Einnig leikjakvöld fyrir 8. bekk og eldri sem Guðmunda stjórnaði. Glímuæfingar voru einnig vel sóttar síðasta vor. Ákveðið var að færa æfingatímann í haust og hefur iðkendum þá fækkað. Það er miður og verður endurskoðað. Þjálfarar eru eins og áður Stefán Geirsson og Jón Gunnþór Þorsteinsson. Tveggja vikna leikjanámskeið var haldið í sumar fyrir 1.-6. bekk og var það vel sótt að vanda. Kennarar voru Örvar Rafn Hlíðdal og Unnur Bjarkadóttir.



Þátttakendur á Leikjanámskeiði Umf Þjótanda

Við áttum keppendur á öllum mótum í frjálsum á vegum HSK, einnig hafa keppendur verið á mæta á Meistaramót Íslands og önnur mót. Fyrir aldursflokkamót HSK innanhús vorum við með smá pepp fyrir mótið. Krakkarnir ásamt þjálfurum hittust í Félagslundu, boðuðu pitsu og fóru í leiki. Keyrðum svo saman á mótið sem var á Selfossi.

Glímuiðkendur fóru á þrjú mót á síðasta ári og æfingabúðir. Gaman að segja frá því að glímukappar Þjótanda urðu Bikar-

meistarar félagsliða á Bikarglímu Íslands sem haldin var á Hvolsvelli. Unglingalandsmótið var haldið á Selfossi um verslunarmannahelgina. Stórglæsilegt mót þar sem krökkum gafst tækifæri á að keppa í hvaða íþrótt sem er og koma með sitt lið í liðakeppnir. Mótið heppnaðist vel og voru margir keppendur frá Þjótanda þar. Einnig unnu þar 15 sjálfboðaliða á vegum Þjótanda og var það mikill fjárhagslegur hagur fyrir félagið. Flóamótið var haldið 2. september í góðu veðri á íþróttavellinum við Flóaskóla. Metþátttaka var eða um 70 krakkar. Foreldrar og starfsmenn skólans hjálpuðu við framkvæmd og fengu allir ís eftir keppni í boði Kjörís.



Stuð og stemmning að loknu Flóamóti

Víðavangshlaupið haldið á sumardaginn fyrsta. Keppendur voru 76 og veður gott. Lukkaðist vel í alla staði. Sigurvegari í karlaflokki var Hjálmar Vilhelm Rúnarsson og í kvennaflokki Karólína Þórbergsdóttir. Flóahlaupið var haldið 9. apríl. Hlauparar voru 54 talsins. Kaffiveitingar voru í boði eftir hlaup og verðlaunafhendingar. Hlaupið heppnaðist vel og ber að þakka styrktaraðilum og sjálfboðaliðum fyrir að gera hlaupið að veruleika. Að lokum við ég þakka fyrir samstarfið á síðasta ári. Íþróttastarf í heild sinni sem er svo mikilvægt fyrir alla. Það er að segja þroskandi fyrir iðkendur, gefandi fyrir sjálfboðaliða og gildi fyrir lífið! Áfram Þjótandi!

Bryndís Eva Óskarsdóttir,
formaður íþróttanefndar Þjótanda

Skýrsla skemmtinefndar

Þann 8. apríl 2022 hélt skemmtinefnd Þjótanda páskabingó í Félagslundi og voru nemendur í 10. bekk í Flóaskóla með sjoppu þar. Margir unglingar úr sveitinni mættu til þess að hjálpa skemmtinefnd við að setja upp salinn og einnig til þess að ganga frá. Mikið var af flottum vinningum og allir fóru kátir heim.

Rétt fyrir páskabingóið fór Instagram síða Þjótanda á loftið, og var bingóið auglýst vel þar. Margir viðburðir sem Þjótandi sá um árið 2022 hafa einnig verið auglýstir þar.

Skemmtinefndin sá um að manna andlitsmálningu á Fjöri í Flóa, og gekk það vel. Mikið var af krökkum sem vildu fá andlitsmálningu, og stóðu andlitmálararnir sig mjög vel.

Um miðjan desember höfðu jólasveinarnir samband við skemmtinefndina og báðu um aðstoð við að koma þökkum á heimili í Flóahreppi á Þorláksmessu og Aðfangadag. Fríður hópur jólasveina og aðstoðarmenn/skutlarar frá skemmtinefnd heimsóttu 28 bæi og heppnaðist það mjög vel.

Áramótaheit skemmtinefndar er að nýta Instagram síðu félagsins betur og vera virkari á henni. Takk fyrir gott samstarf og skemmtilegar stundir á síðasta ári.

Freyja Kristín Guðjónsdóttir og Guðmunda Bríet Steindórsdóttir



Félagi ársins

Félagi ársins fyrir árið 2022 er Markús Ívarsson bóndi í Vorsabæjarhól. Hann hefur alla tíð verið til staðar fyrir íþróttastarf í sveitarfélaginu. Sjálfur hefur hann stundað frjálsar íþróttir frá barnæsku og er enn að. Hann er ávallt búngóður um að starfa fyrir félagið á íþróttamótum og hefur tekið virkan þátt í viðburðum þrátt fyrir að vera í miðjum búverkum. Nú situr hann í nefnd Heilsueflandi samfélags í Flóahreppi og æfir blak.

Markús var leiðandi í starfi Samhygðar á sínum tíma, hefur setið í nefndum og stjórn hjá HSK. Hann var sæmdur gullmerki Héraðssambandsins Skarphéðins árið 2013. Markús kom Flóahlaupinu á laggirnar árið 1979 og hefur það verið árlegt síðan, fyrst hjá Umf Samhygð og síðan Umf Þjótanda. Þrátt fyrir ýmislegt mótlæti vegna veðurs eða samkomutakmarkana hefur Markús aldrei gefist upp og alltaf haldið hlaupið.

Markús er jákvæður, ötull og drífandi íþróttamaður. Góð fyrirmynd fyrir íþróttastarf í heild sinni og kunnum við honum miklar þakkir fyrir hans framlag. Markús er því vel að því kominn að bera titilinn “Félagi ársins” fyrir árið 2022.



Íþróttamaður ársins

Stjórn Þjótanda hefur ákveðið að Íþróttamaður ársins 2022 sé Skólahreystilið Flóaskóla. Í liðinu í ár voru þau Hanna Dóra Höskuldsdóttir, Auðunn Ingi Davíðsson, Þórunn Ólafsdóttir og Viðar Hrafn Víctorsson.

Eins og allir muna sigraði liðið úrslit Skólahreysti 23. maí sl með glæsibrag. Krakkarnir í skólahreystiliðinu sýndu að með góðri þjálfun, einbeitingu, samstöðu og sigurvilja er allt hægt. Og með framgöngu sinni gerðu þau okkar litla skóla að stórum skóla.

Krakkarnir í liðinu hafa öll verið virk í félaginu okkar á einhvern hátt, mætt vel á Þjótandaæfingar, eða Leikjakvöldin á sumrin, sum tekið að sér vinnu og verkefni fyrir félagið og eru bara á allan hátt frábærar fyrirmyndir fyrir yngri krakkana í Þjótanda.

Þau eru því vel að því komin að bera sæmdarheitið „Íþróttamenn Þjótanda 2022“.



Skólahreystilið Flóaskóla ásamt þjálfara og varamönnum